

Atvinnuvega – og nýsköpunarráðuneytið
Samráðsgátt

Reykjavík 21. mars 2019

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi um raunverulega eigendur, mál nr. S-94/2019

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) vísa til framangreinds frumvarps til laga um raunverulega eigendur sem er nú í umsagnarferli í samráðsgátt. Samtökin leggja til eftirfarandi breytingar:

1. gr. markmið

Lagt er til að skýrt sé að upplýsingar séu til staðar í miðlægri skrá í samræmi við 3. mgr. 30. gr. tilskipunar 2015/849/EB.

2. gr. gildissvið

Þar sem góðgerðarfélög og almenn félagasamtök eru almennt talin fela í sér aukna áhættu vegna peningþvættis og fjármögnunar hryðjuverka þá er fullt tilefni til að geta þeirra sérstaklega, í upptalningu á þeim aðilum sem undir lögina falla, svo enginn vafi sé á að þau teljist skráningarskyldir aðilar.

4. gr. upplýsingar um raunverulega eigendur

Í 2. málslíð 1. mgr. segir: „í undantekningartilfellum þar sem ekki er mögulegt að finna raunverulegan eiganda, t.d. vegna svo dreifðs eignarhalds að engir einstaklingar eiga eða stýra skráningarskyldum aðila í skilningi laga þessara eða ef vafi leikur á um eignarhaldið, skal sá einstaklingur, einn eða fleiri, sem stjórnar starfsemi lögaðilans teljast raunverulegur eigandi.“

Lögð er til eftirfarandi orðalagsbreyting á upphafi setningarinnar til samræmis við skilgreiningu í 3. gr. laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka (PPL): Ef enginn einstaklingur, einn eða fleiri, teljast til raunverulegs eiganda eða ekki er mögulegt að finna hann t.d. vegna svo dreifðs eignarhalds að engir einstaklingar eiga eða stýra skráningarskyldum aðila í skilningi laga þessara eða ef vafi leikur á um eignarhaldið, skal sá einstaklingur, einn eða fleiri, sem stjórnar starfsemi lögaðilans teljast raunverulegur eigandi.

Í 6. tl. 2. mgr. er fjallað um gögn sem staðfesta veittar upplýsingar og sýna fram á að viðkomandi sé raunverulegur eigandi.

Tilkynningarskyldir aðilar skv. PPL hafa mikla hagsmuni af því að geta nálgast fullnægjandi upplýsingar og gögn í þeirri miðlegu skrá sem fyrirtækjaskrá hefur umsjón með. Lagt er til að 6. tl. verði sjálfstæður málslíður í beinu framhaldi af upptalningunni. Þannig að í staðinn fyrir að hann teljist til 6. tl. komi sér málslíður á eftir 5. til sem segir: *Aðilar skulu leggja fram gögn sem staðfesta veittar upplýsingar skv. 1.-5. tl. og sýna fram á að viðkomandi sé raunverulegur eigandi, m.a. afrit af viðurkenndum persónuskilríkjum, sbr. 18. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 140/2018.*

Verði ofangreint tillaga ekki samþykkt er mikilvægt í það minnsta að fram komi með skýrum hætti að skráningarskyldum aðilum sé skylt að leggja fram afrit af viðurkenndum persónuskilríkjum í skilningi

PPL. Sönnun á deilum á raunverulegum eigendum er nauðsynlegur hluti af áreiðanleikakönnun á lögaðilum og mikið hagræði væri í því fólgið að afrit af viðurkenndum persónuskilríkjum raunverulegra eigenda væru einfaldlega aðgengileg fyrir tilkynningarskylda aðila sem nauðsynleg gögn, sbr. 3. tl. 1. mgr. og 3. mgr. 7. gr.

5. gr.

Hér er lagt til það sama og lagt er til í 6. tl. 1. mgr., þ.e. að bætt verði aftan við: *m.a. afrit af viðurkenndum persónuskilríkjum raunverulegra eigenda, sbr. 18. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 140/2018.*

6. gr.

SFF telja eðlilegra að sá tveggja vikna tímafrestur sem fram kemur í 3. tl. 1. mgr. 15. gr. frumvarpsins í sé tiltekinn í lok 3. mgr. 6. gr., sbr. framsetninguna í 1. mgr. 6. gr.: „...upplýsinga sem þeir búa yfir, innan tveggja vikna“.

7. gr.

Skv. 3. tl. 1. mgr. 7. gr. skulu upplýsingar um raunverulega eigendur vera aðgengilegar tilkynningarskyldum aðilum. Í síðari málslið 3. mgr. er þó eingöngu tiltekið að tilkynningarskyldir aðilar skuli hafa tímanlegan aðgang að nauðsynlegum gögnum. Þetta getur valdið misskilningi um aðgang tilkynningarskyldra aðila – skýrara væri að tiltaka í ákvæðinu bæði tímanlegan aðgang tilkynningarskyldra aðila að nauðsynlegum upplýsingum og gögnum. Sama athugasemd á við um framsetninguna í 8. gr., um aðgang tilkynningarskyldra aðila.

11. gr.

Hvorki ákvæðið sjálft né athugasemdir í greinargerð gefa vísbendingu um tilganginn með því að krefjast þess að skráningarskyldir aðilar varðveiti upplýsingar og gögn, sem þeir þegar hafa veitt til fyrirtækjaskrár skv. 2. mgr. 4. gr. Ef skráningarskyldur aðili hefur sinnt skyldu sinni skv. 4. og 5. gr., má velja því upp hvort þá væri ekki viðeigandi að skyldan til að varðveita sömu upplýsingar og gögn félli niður? Ella mætti kveða skýrar á um hvort skyldan nær til varðveislu upplýsinga og gagna skv. 4. og 5. gr., óháð því hvort þeim hefur verið veitt til fyrirtækjaskrár eður ei.

13. gr.

Í lok ákvæðisins sem kveður á um úrbætur segir: *innan hæfilegs frests.*

Lagt er til að bætt sé við „en að hámarki þriggja mánaða“ til samræmis 17. gr. laganna.

15. gr.

Hér er ákvæði sem fjallar um stjórnvaldssektir. Í 6. mgr. er fjallað um stjórnvaldssektir á lögaðila, fyrir brot á lögnum o.fl. Í seinni málslið segir: „*Hafi fyrirsvarsmáður lögaðilans, starfsmaður hans eða annar á hans vegum með sagnæmum hætti brotið gegn lögum þessum eða reglum settum á grundvelli þeirra í starfsemi lögaðilans má gera honum refsingu, auk þess að gera lögaðilanum stjórnvaldssekt.*“ Hér vantar allar nánari vísbendingar um það hvenær og með hvaða hætti einstaklingur getur skapað sér refsíabyrgð, hver getur gert honum refsingu, með hvaða hætti og hver sú refsing gæti orðið – önnur en stjórnvaldssekt, skv. ákvæðinu sjálfu. Með grundvallarkröfuna um skýrleika refsiheimilda í huga getur ákvæðið vart talist fela í sér fullnægjandi refsiheimild hvað varðar einstaklinga. Sú almenna tilvísun sem finna má í umfjöllun um ákvæðið í greinargerð með lögnum, til viðurlagaákvæða á fjármálamarkaði, t.d. laga um fjármálafyrirtæki, er alls ekki fullnægjandi, þar sem viðurlagaákvæði þeirra laga eru mun skýrari og tiltekið nánar hvaða refsingar, aðrar en stjórnvaldssektir, einstaklingar getað bakað sér með brotum gegn lögnum.

17. gr.

Til að leitast við að koma í veg fyrir að aðilar sinni ekki skráningarskyldu og stundi svokallað kennitöluflakk m.a. til að forðast upplýsingagjöf um raunverulega eigendur, er lagt til að hömlur verði settar á að þeir einstaklingar sem eru í fyrirsvari fyrir hinn skráningarskylda aðila geti stofnað kennitölu

að nýju eða verið fyrirvarsmaður skráningarskylds aðila, í ákveðinn tíma, í þeim tilvikum þegar um alvarlega eða ítrekaða vanrækslu er að ræða.

Ef frekari upplýsinga er óskað um framangreindar athugasemdir veita samtökin þær góðfúslega.

Með vinsemd og virðingu
f.h. Samtaka fjármálafyrirtækja

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Jón Björni Guðna', is centered on the page.